

## III. KAFLI

**Eftirlit, þvingunarúrræði og gildistaka.**

9. gr.

Heilbrigðisnefnd eða aðilar á hennar vegum annast framkvæmd og eftirlit með hunda- og kattahaldi í Hrísey.

10. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

11. gr.

Samþykkt þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Hríseyjarhrepps og staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og öðlast gildi við birtingu.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Sækja verður um leyfi fyrir hunda sem eru í Hrísey fyrir 1. janúar 1997.

*Umhverfisráðuneytinu, 2. október 1996.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**


---

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

Nr. 534

26. september 1996

**AUGLÝSING**

**um breytingu á grunnfjárhæðum skv. 4. og 6. gr.,  
sbr. 22. gr. laga nr. 83/1984 um erfðafjárskatt.**

Grunnfjárhæð skv. 4. gr. verður kr. 650.429.

Grunnfjárhæð skv. 6. gr. verður kr. 46.814.

Breyting þessi tekur gildi 1. desember 1996 og gildir til jafnlengdar á næsta ári.

*Félagsmálaráðuneytinu, 26. september 1996.*

F. h. r.

**Húnbogi Þorsteinsson.**


---

*Sesselja Árnadóttir.*